



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi  
Erindi nr. P/39/557  
komudagur 1.12.2010

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8-10	30. nóvember 2010	A-8 LÖ/mb
<b>150 Reykjavík.</b>		

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 23. þ.m., þar sem óskað er umsagnar um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki (heildarlög), 196 mál.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að skattskyldir aðilar séu fjármálafyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi sem viðskiptabanki, sparisjóður, lánaframtæki og verðbréfaframtæki og aðrir aðilar sem leyfi hafa til að taka við innlánnum og stunda viðskipti með verðbréf. Skv. 3. gr. frumvarpsins skal stofn til hins sérstaka skatts á fjármálafyrirtæki vera heildarskuldir þess í lok tekjuárs, sbr. 75. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt en heimilt er að draga frá skuldum tryggðar innstæður skv. lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Gjaldhlutfallið er skv. 5. gr. frumvarpsins 0.045%.

Samkvæmt a.lið 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að ef skattstofn skattskylds aðila er undir 5 milljörðum króna skuli hann undanþeginn skattálagningu skv. frumvarpinu. Með hliðsjón af jafnræðissjónarmiðum er að mati Ríkisendurskoðunar ekki færð fullnægjandi rök fyrir þessari undanþágu í greinargerð með frumvarpinu. Að öðru leyti gerir stofnunin ekki athugasemdir við frumvarpið.